

LISTIR

Úr viðjum vanans

MYNDLIST

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
STERLING STUFF

Sýningin er opin alla daga nema mánu-
daga frá kl. 14-17. Henni lýkur 4. maí.

Listasafn Reykjavíkur –
Kjarvalsstaðir

MOBILER – ILMUR STEFÁNSDÓTTIR

Sýningin er opin alla daga frá kl. 10-17.
Henni lýkur 11. maí.

SILFURSMÍÐI á sér langa sögu í Bretlandi og óvída annars staðar eru merkingar muna úr þessum eðalmáli jafnitarlegar og þar í landi, en þeir sem til þekkja geta lesið sér til um uppruna gripanna af táknum einum saman. Silfur er líka málmur sem flestir tengja frekar skartgripum en skúlptúrum.

Á sýningunni sem nú stendur yfir í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar gegnir silfrið hins vegar síðarnefnda hlutverkinu og hýsir safnið rúmlega fimmtíu smáskúlptúra eftir jafnmarga listamenn. Gripirnir eiga það sameiginlegt að vera steyptr hjá hinni bresku Pangolin-málmsteypu, en listamennirnir, sem flestir eru breskir, eiga vel flestir ef ekki allir að baki fyrra samstarf við fyrirtækið. Auk Bretanna eiga Íslendingarnir Jóhanna Þórðardóttir, Pétur Bjarnason og Sigurjón Ólafsson verk á sýningunni og öðlast til að mynda Hávaðatröll Sigurjóns nýtt líf í nýjum efnivið. Það er líka fyrir tilstilli Pangolin sem sýningin er sett upp og leitaði fyrirtækið sérstaklega til listamannanna með það í huga að setja saman sýningu á silfur smáskúlptúrum sem ekki væru stærri en 15 cm.

Smæðin og nálægðin

Þessi smæð munanna veldur því óneitanlega að það er allsérstök stemning að ganga um Listasafn Sigurjóns að þessu sinni og ekki laust við að sýningargestir verði að setja sig í sérstakar stellingar.

Smæðin krefst jú meiri nálægðar við viðfangsefnið en við eigum að venjast og fyrir vikni er eins og hægi á öllu – ekki dugir að skima hratt um sýningarrýmið og öðlast þannig grófa hugmynd um efni sýningarinnar – smágerður skalinn krefst einfaldlega óskiptar athygli gestanna.

Krafan um nálægðina sem í smæðinni felst, sem og efniviðurinn sjálfur, eru hins vegar í raun það eina sem sameinar skúlptúrana og er ekki ofsögum sagt að sýningin einkennist af mikilli fjölbreytni. Aðstandendur Sterling Stuff vilja meina að sú fjölbreytni sé kostur og óneitanlega sýnir fjölbreytnin margbreytileika silfursins, málmis sem svo sannarlega virðist ekki síður vera vænlegur efniviður fyrir myndhöggvara en silfursmiði. Fjölbreytnin er hins vegar líka slík að ekki eiga öll verkanna sama erindi í umræðu um samtímamyndlist, til þess eru sum þeirra einfaldlega of bundin á klafa hefðanna og þó að þau beri tækni og handbragði höfunda sinna gott merki falla þau frekar í flokk stofulistar. Verk á borð við Aramadillo eftir Anitu Mandl, Jafnvægi eftir Nick Bibby, Hestur frá Thermopylæ eftir Ian Rank-Broadley, Úlfur (Í haldi) eftir Alison Wilding og Merlín eftir David Backhouse bera þannig öll handverki listamannanna, sem sumir hafa sérhæft sig í dýraskúlptúrum, gott vitni án þess að þar sé endilega einhverju við að bæta.

Þetta hefðbundna viðhorf til silfursins einkennir þó alls ekki öll verk á sýningunni og eru áhugaverðir munir eftir listamenn á borð við Damien Hirst, Antony Gormley, Lynn Chadwick og Kenneth Armitage vissulega heimsóknarinnar virði og áhugavert að sjá á hve ólíkan hátt þeir kjósa að nálgaast málminn. Þannig hefur Lynn Chadwick, sem telst í hópi áhugaverðari höggmyndalistamanna 20. aldarinnar, valið tilbrigði við kennimark sitt verur með hyrnd höfuð í verki sínu Verur á hraðferð. Skúlptúrin nær



Morgunblaðið/Árni Torfason

Eitt farartækja Ilmar Stefánsdóttur á sýningunni á Kjarvalsstöðum.



Morgunblaðið/Jim Smart

Frelsi eftir Antony Gormley á sýningunni Sterling Stuff.

óneitanlega að viðhalda nokkru af krafti og styrk sínum þó að í smækkaðri mynd sé og nýtur sín vel í efniviðnum þó að ekki sé erfitt að myndu sér verkið enn áhrifameira í stækkaðri mynd. Við val á skúlptúr eftir Kenneth Armitage, sem líkt og Chadwick tilheyrði þeim hópi breskra höggmyndalistamanna sem á sjötta áratugnum kenndu sig við nýja bronsöld, var einnig valið eldri verk úr smiðju listamannsins, en Armitage lést í janúar 2002. Og þó að hið frumstæða Maður með uppréttu handleggji sé gjörólíkt hyrnum verum Chadwicks eru tengslin við upprunalega skúlptúrinn jafn

augljós, þó að vissulega nái bæði verkin einnig að njóta sín í smækkaðri mynd.

Yngri listamennirnir virðast hins vegar síður fastir fyrir en þeir eldri og er nálgun þeirra við silfrið sérlega áhugaverð – þeir vinna með smæðinni og leita að styrk þeirra möguleika sem hún býður upp á líkt og verk Damien Hirst Depurð er gott dæmi um. En hönd hans með opið pilluglas í réttum hlutföllum kallar óneitanlega fram fjölda spurninga í huga sýningargests. Írónían sem felst í Afhjúpun Angus Fairhurst, fullkominni eftirlíkingu af afhýddum banana fer heldur ekki

framhá neinum, frekar en örheimurinn sem Daniel Chadwick nær að skapa með verki sínu Móðir og barn. Öðrum smáskúlptúrum fremri er þó Fóstur Anthony Gormleys og nær stækkuð eftirmynd listamannsins af fóstri í bakka að kalla fram sterk viðbrögð hjá áhorfendum og sýnir það rót sem verkið getur komið á huga sýningargests ekki hvað síst þá möguleika sem smáskúlptúrnir búa yfir.

Víxlverkandi list

Húmorinn sem einkennir verk listamanna á borð við Angus Fairhurst er ekki síður sjáanlegur á sýningu Ilmar Stefánsdóttur, Mobiler á Kjarvalsstöðum, enda var Ilmur við nám í Bretlandi í kjölfar þess að Freeze sýning Hirst, Fairhurst og fleiri festi árið 1998 þessa „illræmdu“ kynslóð ungra breskra listamanna kirfilega í minni landa sinna.

Það eru þó engir smáskúlptúrar sem bíða gesta á sýningu Ilmar heldur óvenjuleg farartæki listakonunnar sem nýtur þess að losa sig og okkur úr viðjum vanans með því að nálgaast hversdagsleikann á nýjan hátt. En meðal farartækjanna er reiðhjól sem stóll hefur verið festur á, hækjur á hjólum, göngugrind fyrir fullorðna og skíði á stultum svo fátt eitt sé nefnt. Farartækin eru líka líkt og lýsing þeirra gefur til kynna misheppilegir fararskjótar, þó svo að notagildi sé vissulega fyrst og fremst huglægt hugtak, líkt og Ragna Sigurðardóttir bendir á í umfjöllun sinni í sýningarskrá.

Farartæki Ilmar koma hins vegar svo sannarlega ímyndunarafl okkar af stað og ná að brjóta upp hefðbundna hugsun. Víxlverkunin sem þau og krefjast nær einnig að skila miklu og virðist listakonun hér ná góðu sambandi við sýningargesti. Gestir, sem hvattir voru til að prófa farartækin, virtust líka taka því tækifæri fegins hendi og vöktu fararskjótarinnir ekki minni lukku meðal eldri en yngri sýningargesta. Með sýningunni Mobiler tekst Ilmi líka einkar vel að draga sýningargesti úr hina hefðbundna hlutverki áhorfandans og gera þá að þátttakendum sem segir er upp er staðið meira en mörg orð um lifandi eiginleika verkanna.

Anna Sigríður Einarisdóttir

Þekkt nöfn á Bókmenntahátíð í Reykjavík í haust

Auðveldara að fá höfundu en áður

PORTÚGALINN José Saramago, sem hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1998, verður meðal gesta á Bókmenntahátíð í Reykja-

vík, sem haldin verður í Norræna húsinu og Iðnó dagana 7.-13. september í haust. Fleiri þekktir höfundar úr bókmenntaheiminum eru

jafnframt væntanlegir, en þar má nefna Yann Martel sem hlaut Booker-verðlaunin á síðasta ári, breska höfundinn Hanif Kureishi, hinn japanska Haruki Murakami, José Carlos Somoza sem ættaður er frá Kúbu en ólst upp á Spáni og sænska spennusagnarhöfundinn Henning Mankell sem er einn mest lesni spennusagnahöfundur heims um þessar mundir. Þetta kom fram á blaðamannafundi sem efnt var til í tilefni hátíðarinnar í gær.

22 erlendir rithöfundar væntanlegir

Þetta er í sjötta sinn sem Bókmenntahátíð í Reykjavík er haldin, en hún var fyrst haldin árið 1985. Meginmarkmið hátíðarinnar er að kynna hérlendis brot af því helsta sem býst í alþjóðlegum bókmenntum hverju sinni og efla um leið kynningu íslenskra bókmennta erlendis.

Alls taka 22 erlendir rithöfundar þátt í hátíðinni og koma þeir frá 17 löndum, en íslenskir rithöfundar sem taka þátt í henni eru á annan tug. Erlendu höfundarnir sem eru væntanlegir eru: Ingvar Ambjörnsson, Boris Akúnin, Murray Bail, Emmanuel Carrère, Andres Ehin, Kristiina Ehin, Per Olov Enquist, David Grossman, Judith Hermann,



José Saramago



Yann Martel



Hanif Kureishi



Haruki Murakami

Bill Holm, Hanif Kureishi, Henning Mankell, Yann Martel, Haruki Murakami, Mikael Niemi, Arto Paasilinna, José Saramago, Nicholas Shakespeare, Johanna Sinisalo, Jan Sonnergaard, José Carlos Somoza og Peter Zilahy.

Verður boðið upp á fyrirlestra, viðtöl, samræður og upplestra rithöfunda bæði í Norræna húsinu og Iðnó, svo eitthvað sé nefnt, og verður sá háttur hafður á við upplestra rithöfundanna úr verkum sínum, að þeir lesa upp á sínu móðurmáli en íslenskri þýðingu verður varpað á vegg um leið.

Mikilvæg kynning á íslenskum rithöfundum

„Það er að nokkru leyti sami kjarni sem hefur unnið að Bókmenntahátíð síðan lagt var af stað fyrir átján árum og alltaf í samvinnu við Norræna húsið. Það hef-

ur verið gaman að fylgjast með hátíðinni og því hvernig hún hefur fest sig í sessi – það er mun auðveldara að fá hingað höfunda en upphaflega var,“ sagði Sigurður G. Valgeirsson rithöfundur, sem á sæti í undirbúningsnefnd hátíðarinnar.

Halldór Guðmundsson útgefandi, sem einnig á sæti í nefndinni, tók undir með Sigurði að auðveldara væri að fá erlenda rithöfunda til þátttöku nú en áður. „Í byrjun afþökkuðu um átta af hverjum tíu, en því er í raun öfugt farið núna,“ sagði hann. Hann benti á að Bókmenntahátíð í Reykjavík væri þó ekki einungis mikilvæg varðandi kynningu erlendra rithöfunda hérlendis, heldur einnig sem kynning á íslenskum rithöfundum fyrir erlendum útföndum, en þó nokkrir slíkir hafa boðað komu sína á hátíðina.

Forstjóri Norræna hússins, Gro Kraft, sem einnig á sæti í undirbúningsnefnd, sagði á fundinum að hátíðin væri veigamikill þáttur í starfsemi Norræna hússins sem frá upphafi hefur verið samstarfsaðili hátíðarinnar og að hún fagnaði samstarfinu eindregið.

Auk Sigurðar og Halldórs sitja í undirbúningsnefnd hátíðarinnar Einar Káráson rithöfundur, Friðrik Rafnsson, vefritstjóri Háskóla Íslands og þýðandi, Pétur Már Ólafsson útgáfustjóri, Thor Vilhjálmsson rithöfundur og Örnólfur Thorsson íslenskufraeðingur. Fyrir hönd Norræna hússins sitja í nefndinni Gro Kraft forstjóri, Andrea Jóhannsdóttir yfirbókavörður og Guðrún Dís Jónatansdóttir, upplýsinga- og verkefnafulltrúi. Susanne Torpe er verkefnisstjóri hátíðarinnar.

Swiss Hotel Management School

"Caux-Palace", 1824 Caux-Montreux (Switzerland)

SHMS, einn af stærstu og virtustu hóteltjónunarskólunum í Sviss, býður þrjár alþjóðlegar námsgráður í þrjú ára námi.

- * Swiss Æðri diplóma í hóteltjónun og ferðaþjónustu
- * Bandaríkin AH og MA diplóma í hóteltjónun
- * Bretland BA gráða í hóteltjónun og veitingastjórnum (Hospitality) / Ferðaþjónustu / Umsjón viðburða og heilsulinda

Einnig í boði: Meistaragráða, MBA, framhaldsgráða, nám fyrir fólk með starfsreynslu, sumarnám – möguleiki á mati úr öðrum skólum.

- * Launaðar lærlingsstöður á hverju námsári
- * Ráðningaþjónusta eftir námslok
- * Frábær aðstaða á fyrrum 5* "Caux-Palace" hóteli.

Nánari upplýsingar fást hjá:
SHMS EUROPE, Rudolphplatz 6, 50674 Koeln, Þýskalandi,
sími: +49 - 221 - 258 5210,
fax +49 - 221 - 258 5211
NETFANG:
SHMSEUROPE@SHMS.COM
WWW.SHMS.COM

SHMS - Leiðandi á heimsvísu í hóteltjónun
Meðlimur í Sambandi hótelskóla í Sviss